



MS í sjávar- og vatnalíffræði

Rannsókn nám til meistaraþrófs er 120 ECTS og að jafnaði tveggja ára vinna.

Markmið meistaranámsins er að mennta vísindamenn sem geta unnið að þróun sinnar fræðigreinar og starfað sem sérfræðingar á sínu fræðasviði. Að námi loknu skulu nemendurnir vera vel undirbúnir fyrir áframhaldandi nám á PhD stigi.

Tilhögun

Meistaránám skal innihalda rannsóknarverkefni (60 eða 90 ECTS) og námskeið (30 eða 60 ECTS).

Rannsóknarverkefni til meistaraþrófs lýkur með því að nemandi leggur fram ritgerð og heldur fyrirlestur um verkefnið. Ritgerð og fyrirlestur skulu metin af prófnefnd.

Nemandi getur unnið að meistaraverkefni sínu undir leiðsögn sérfræðinga Háskólans á Hólum eða undir leiðsögn sérfræðinga við aðra háskóla eða rannsóknarstofnanir.

Umsóknir og afgreiðsla

Vakin er athygli á að umsókn um meistaranám skulu fylgja drög að náms- og rannsóknaráætlun sem unnin er í samvinnu við kennara við Háskólann á Hólum. Liggi fyrir drög að umsókn til sjóða, sem fjármagna eiga rannsóknarverkefnið, skulu þau og fylgja umsókn.

Framhaldsnámsnefnd afgreiðir umsóknir og skipar umsjónarkennara og meistaraþrófsnefnd nemandans. Hafi framhaldsnámsnefnd samþykkt umsókn, skal nemandi snúa sér til skrifstofu Háskólans á Hólum og skrá sig þar til náms.

Umsóknarfrestur um meistaranám er:
15. maí og 15. september.

Dæmi um rannsóknarverkefni

- Óðalsatferli laxfiska í íslenskum ám.
- Breytileiki í fæðuafferli bleikjuseiða.
- Fæðuafferli ungra laxfiska í ám á Íslandi.
- Aðlaganir að sundi hjá ólíkum stofnum bleikju.
- Endurnýting á vatni í bleikjueldi
- Potential impacts of ecological factors on macroinvertebrate communities in springs
- Belgjaskógur threespine sticklebacks: Mechanisms of ecological divergences in numerous populations over a small spatial scale within a geologically young system
- Hepatic and pituitary growth hormone receptor mRNA expression in farmed Atlantic Cod

